



Sögusvið

Sögusvið bókarinnar er undir Hraundranga í Öxnadal þó svo að það komi ekki fram í texta bókarinnar. Ef lesendur sjá fyrir sér aðra staði á Íslandi er það einnig í góðu lagi.

Hraundrangi í Öxnadal er án nokkurs vafa einn tignarlegasti og jafnframt þekktasti tindur landsins. Það var þó ekki fyrir en árið 1956 að hann var klifinn í fyrsta sinn og engin fannst gullkistan á toppnum eins og þjóðsagan sagði til um. Klifur á Hraundranga er flestum fært svo lengi sem þeir eru vel á sig komnir líkamlega og þjást ekki af mikilli lofthræðslu því þegar upp er komið er varla pláss fyrir meira en einn mann í einu á toppnum.

Hægt er að finna upplýsingar um Hraunsvatn og Hraundranga á internetinu. Til dæmis á eftirfarandi vefsíðum.

<https://www.visitakureyri.is/is/moya/extras/hiking/hraunsvatn>

<https://hagthenkir.is/frasetri-hrauni-xnadal/>